



Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð

Borgartúni 14
105 REYKJAVÍK

Golfklúbbur Brautarholts

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs 11. febrúar 2019 var lagt fram erindi Golfklúbbs Brautarholts (GBR) dags. 15. janúar 2019 með ósk um vallarstyrk og leigustyrk að upphæð 25.0 mkr. (fsk.I).

Menningar-, íþróttá- og tómsundaráð samþykkti að vísa erindinu til umsagnar ÍBR.

Á fundi menningar-, íþróttá- og tómsundaráðs 13. maí 2019 var lögð fram umsögn ÍBR dags. 10. apríl 2019 (fsk. II).

Í umsögn ÍBR kemur fram að bandalagið telur ekki forsendur til þess að mæla með því að GBR fái rekstrarstyrk miðað við núverandi stöðu mála, en gæti mögulega fengið vallarstyrk.

Á fundi ráðsins var afgreiðslu erindisins frestað og sviðsstjóra ÍTR falið að skoða málið.

Undirritaður hefur átt nokkra fundi með fulltrúum GBR.

Hafa fulltrúar GBR lagt fram nokkrar hugmyndir að styrkveitingu til félagsins út frá ólíkum forsendum og samanburði við styrki til Golfklúbbs Reykjavíkur (GR).

Ef tekið er mið af stærð valla, GR með 45 brautir og GBR með 12 brautir og GR með 150 hektara og GBR með 55 hektara er hægt að stilla upp nokkrum valkostum varðandi reikniforsendur varðandi styrk vegna valla:

I

GR	<u>2019</u>	Brautir Brautir	GBR
Vallarstyrkur	17.252 kr.	: 45 x12	4.600 kr.
Fasteignastyrkur	<u>5.930</u> kr.	: 45 x12	<u>1.582</u> kr.
	23.182 kr.		6.182 kr.

II

Fjöldi svæða	<u>23.182</u> kr.	= 11.591 kr. eitt svæði
	2 svæði	

III Stærð svæða


23.200 = 154.166 p.ha
150 hektarar

GBR

55 hektarar = 8.506.630 kr.

IV

GR rekur til viðbótar við 18 holu völl við Gafarholt og 27 holu völl við Korpúlfsstaði, 6 holu æfingavöll við Gafarholt og 9 holu æfingavöll við Korpúlfsstaði.


Ómar Einarsson.



ÍÞRÓTTABANDALAG REYKJAVÍKUR

Menningar-, íþrótt- og tómstundaráð Reykjavíkur

Reykjavík 10.4. 2019

Efni: Umsögn varðandi ósk Golfklúbbs Brautarholts um styrk frá Reykjavíkurborg.

Stjórn Íþróttabandalags Reykjavíkur hefur fjallað um erindi Golfklúbbs Brautarholts varðandi styrki vegna starfsemi sinnar.

Reglur ÍTR og ÍBR um styrki vegna æfinga og keppni í íþróttamannvirkjum kveða á um styrki til íþróttafélaga vegna barna- og unglíngastarfs og vegna afrekshópa. Við áætlun styrkja er gengið út frá fjölda æfingahópa, fjölda iðkenda og aldri. Í tilfalli Golfklúbbs Brautarholts er um að ræða frekar fáa iðkendur sem falla undir þessa skilgreiningu enda félagið tiltölulega ungt auk þess sem börn og ungmenni í nærumhverfi félagsins er tiltölulega fá miðað við önnur hverfi borgarinnar. Engu að síður telur ÍBR forsendur vera til þess að styrkja félagið í samræmi við áður nefndar reglur.

Varðandi styrki til rekstrar þá er ekkert félag af sömu stærðargráðu ef miðað er við iðkendur sem fær rekstrarstyrki. ÍBR telur því ekki forsendur til þess að mæla með því að Brautarholt fái rekstrarstyrk miðað við núverandi stöðu mála.

Hvað varðar styrki til framkvæmda þá fagnar íþróttahreyfingin í Reykjavík því ávallt þegar ný íþróttamannvirki verða til. Það má til sanns vegar færa að fleiri golfvelli vanti í Reykjavík ef horft er til almennrar notkunar. Stjórn ÍBR telur mikilvægt að horft sé til þess hvar mest er þörf á íþróttamannvirkjum og forgangsraðað á slíkum forsendum.

Virðingarfyllst,

f.h.stjórnar ÍBR

Frímanna Ari Ferdinandsson

Framkvæmdastjóri



BRAUTARHOLT
GOLFYÖLLUR GBR

Reykjavíkurborg
Íþróttá- og tómstundaráð
B.t. Ómars Einarssonar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 15. janúar 2019

Efni: Golfklúbbur Brautarholts (GBR) óskar eftir styrk frá Reykjavíkurborg vegna starfsemi golfvallarins í Brautarholti.

GBR óskar eftir stuðningi Reykjavíkurborgar, bæði vallarstyrk og leigustyrk að andvirði kr. 25 milljónir, en Reykjavíkurborg hefur veitt Golfklúbbi Reykjavíkur (GR) sambærilega styrki. Jafnframt óskum við eftir að horft verði til Brautarholtsvallar þegar aðrir styrkir eru veittir til GR í framtíðinni, s.s. rekstrarstyrki, framkvæmdastyrkir eða hverju nafni sem þeir nefnast. Hvort sem er til að bæta gæði eða auka framboð fyrir golf í Reykjavík.

Styrkveitingar borgarinnar til GR samkvæmt skjali sem lagt var fram á fundi með ÍTR í desember 2018 sýna fram að árlegir rekstrarstyrkir til GR nema um 70 milljónum króna á ári, en af þeirri tölu er 40 milljónir svokallaður leigustyrkur. Hinsvegar ef við bætum við framkvæmdastyrkjum síðustu 20 ára (hvort sem við deilum þeim niður eða núvirðum og reiknum fjármagnskostnað) fáum við út að GR fái hátt 150 milljónir á ári frá Reykjavíkurborg. Þessi fjármagnskostnaður er ígildi niðurfelldrar leigu og óskum við eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um hvernig sá hluti styrksins er jafnaður. Öll sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu styðja vel við golfvelli á sínu svæði þó að þeir séu löngu búnir að byggja upp svæðin og komnir í stöðugan rekstur.

Það er auðséð að ójafnt er gefið og ekki hægt að keppa við svona mismunun. Benda má á að GBR erum í uppbyggingu og er að auka framboð fyrir golfiðkun hér í borginni en GR er rótgróinn klúbbur, báðir klúbbar eru með kostnað vegna framkvæmdastjóra, vallarstjóra, dælukerfis o.s.frv. þó GR reki vissulega tvö vallarstæði. Við bendum enn fremur á að félagsmenn GR og aðrir Reykvíkingar sækja líka golfvöll GBR.

F.h. Golfklúbbs Brautarholts,

Gunnar Pálsson